

VIÐTAL

Inga Rún Sigurðardóttir
ingarun@mbl.is



Það fyrsta sem kemur í hugann eftir að hafa hitt Soffíu Björgu er hvað hún er svakalega svöl, sem svörtu fötin og kraginn sem nær upp í háls undirstrika. Þrátt fyrir það hefur hún kæruleysislegt yfirbragð, ákveðna ró sem fátt getur raskað.

Þarf útsýni til að anda

Soffía Björg Óðinsdóttir hefur vakið athygli fyrir söng og lagasmíðar og sendir frá sér sína fyrstu plötu í vor. Hún tekur sig jafn vel út í rokkgrinum með gítarinn uppi á sviði og í reiðbuxunum úti í náttúrunni en hún er mikil sveitastelpa. Hún er flutt aftur í sveitina, á æskuheimilið í Borgarfirðinum og segir óstöðugleikann og áreitið í Reykjavík hafa haft áhrif á sig.

Tónlistarkonan Soffía Björg Óðinsdóttir er sveitastelpa, hún er alin upp í Borgarfirðinum, á bænum Einarsnesi, sem er skammt frá Borgarnesi. Hún flutti að heiman þegar hún var 19 ára til að finna sig og stunda nám og bjó í bænum í tíu ár. Leitinn leiddi hana aftur á æskuheimilið í Einarsnesi, þar sem hún hefur nú verið búsett í um tvö ár.

„Þegar ég var 19 ára datt mér ekki í hug að ég væri að fara að vinna við tónlist því sjálfsálitið var ekki það hátt. Þetta hugrekki til að standa á sviði var ekki til staðar. Ég fékk í magann við að horfa á annað fólk á sviði,“ segir hún.

Á Reykjavíkúrurum fór hún í söngnám og líka í Listaháskóla Íslands að læra tónsmíðar og vann hér og þar. „Ég var atvinnulaus í einn mánuð og ákvað að labba út og sækja um fyrsta starfið sem ég sæi,“ segir hún en það varð til þess að hún var þjónn á Vegamótum í sjö mánuði, ráðin á staðnum.

Hún segir þetta allt hafa verið góða reynslu, æfingu í mannlegum samskiptum og í þjónustustörfum þurfi líka að læra að setja egóíð til hliðar.

Hún hóf nám við Söngskólann í Reykjavík, sem hún segir hafa verið á þeim tímupunkti það erfiðasta sem hún hafi gert. „Þetta var svo rosalega mikið stökk frá því að vera hálf lokaður einstaklingur í það að rífa burt alla þessa múra og veggi sem maður var búinn að setja upp. Það var gríðarlega mikið sem ég þurfti að brjótast í gegnum og ég er enn að því og mun ábyggilega alltaf vera að því. Ég fagna því bara en þetta þýðir að maður er alltaf að kanna eitthvað nýtt og fá nýja reynslu. Þegar maður fær fiðrildi í magann á maður bara að taka þá orku og nýta hana jákvætt í staðinn fyrir að láta hana verða að stressi,“ segir hún um það að koma fram.

Ákvað að vera kærulaus

„Maður þarf að breyta hugsunarhættinum, þetta er allt mjög huglægt. Ég tók þá ákvörðun fyrir ekki löngu síðan að vera bara kærulaus og eiginlega skítsama,“ segir hún og útskýrir nánar. „Ef þú þarft að geðjast öllum þá missirðu tenginguna við sjálfa þig. Gerðu það sem þú ert sátt með og þér finnst flott. Fullt af fólk á ekki eftir að fíla þetta en það er líka fullt af fólk sem á eftir að gera það. Þú ert fyrst og fremst að spila fyrir þig og þau. Hinir geta hlustað á eitthvað annað,“ segir hún en sjálfstraustið kom með tímanum og þetta hugarfar hefur skilað henni langt.

Soffía Björg var tilnefnd til Króksins í ár, verðlauna Rásar 2 fyrir framúrskarandi lífandi tónlistarflutning og er einnig tilefnd til þrenna verðlauna á Hlustendaverðlauninum 2017, sem fram fara um næstu helgi. Einnig hefur verið skrifað lofsamlega um hana á tónlistarmiðlum á borð við The Line of Best Fit, Stereogum og Consequence of Sound.


„Sjálfsstraustið er meira í því sem ég er að gera. Ég er einbeittari og veit hvað ég vil og hef metnað fyrir því. Og svo þegar þú ert kominn með fólk í kringum þig sem hefur trú á þér og þú treystir þá verða hlutirnir auðveldari,“ segir Soffía Björg sem er kominn með gott band með sér, Pétur Ben gítarleikara, Ingibjörgu Elnu Turchi bassaleikara og Kristófer Rodriguez trommuleikara. Sjálf syngur hún og spilar á gítar.

„Þessi hópur myndaðist rétt fyrir Airwaves 2015,“ segir Soffía Björg. „Ingibjörg er skapandi og vel spilandi og Kristófer er góður slagverksleikari og þau ná vel saman. Það skiptir miklu máli að rytmateymið nái vel saman. Þessi hljóðheimur sem Pétur setur yfir er nákvæmlega í takt við það sem ég er að hugsa. Það er góð dýnamík í hópnum, þetta er þægilegur hópur, enginn sem sagnar úr þér orkuna, við erum öll frekar afslöppuð. Ég fíla ekki at í kringum tónlist.“

„Þessi hópur myndaðist rétt fyrir Airwaves 2015,“ segir Soffía Björg. „Ingibjörg er skapandi og vel spilandi og Kristófer er góður slagverksleikari og þau ná vel saman. Það skiptir miklu máli að rytmateymið nái vel saman. Þessi hljóðheimur sem Pétur setur yfir er nákvæmlega í takt við það sem ég er að hugsa. Það er góð dýnamík í hópnum, þetta er þægilegur hópur, enginn sem sagnar úr þér orkuna, við erum öll frekar afslöppuð. Ég fíla ekki at í kringum tónlist.“

Breiðskífa í vor

Soffía Björg sendir frá sér samnefnda plötu í vor með eigin tónsmíðum en öll lög og textar eru eftir hana. Fyrstu fjögur löginn komu út 13. janúar, næstu fjögur eru væntanleg 13. febrúar og síðustu fjögur 13. mars en lög in



Soffía Björg Óðinsdóttir tónlistarkona ólst upp í átta barna systkinahópi og einstaklega tónelskri fjölskyldu í Borgarfirðinum.

hægt að nálgast á Spotify og tonlist.is. Platan kemur þá einnig út á geisladisk og vinyll.

Platan var tekin upp síðastliðið vor í Sundlauginni með breskum upptökstjóra að nafni Ben Hillier, sem hefur unnið m.a. með Blur, Elbow og Depeche Mode. Soffía Björg var ekki sannfærð um þetta samstarf fyrst. „Ég er einræn með mína tónlist og vil helst ekki að fólk vasist í henni nema það hafi hlutverk og leyfi frá mér,“ segir hún en eftir símafund kom í ljós að þau náðu vel saman og voru með sömu hugmyndir.

„Við vorum mikið að þæla í lífandi flutningi og langaði að taka upp þannig til að fá þessa auka orku. Okkur langaði að taka þennan tónleikafíling og setja á plötuna,“ segir Soffía Björg og bætir við að hún hafi aldrei sungið eins mikið á ævinni og við upptökurnar á þessari plötu en hún var tekin upp í viku törnun með rúmlega mánaðar millibili. „Ég söng í sex til átta tíma á dag í sex daga,“ segir hún. „Þetta var frábær samvinna og mig langar að endurtaka þetta aftur fljótlega, þetta var það skemmtilegt ferli.“

Auðvelt að týnast

Listformið plata er kannski ekki alveg eins áberandi og áður, nú á tímum stafrænnar út-gáfu þar sem oft er gefið út eitt og eitt lag í einu. „Það er svo rosalega mikið framboð af tónlist. Ég ætla að vera túrandi listamaður og þá langar mig að hafa aðeins meira í töskunni en bara eitt lag sem allir þekkja. Mig langar að lyfta þessari plötu aðeins upp og geta spilað mörg lög. Markaðurinn er svo breytilegur

þannig að maður verður bara að fylgja sinni tilfinningu. Annars er mjög auðvelt að týnast.“

Plötuna samdi hún að stórum hluta heima á Einarsnesi þar sem foreldrar hennar, Óðinn Sigþórsson og Björg K. Jónsdóttir búa enn.

„Annar bróðir minn og kærasta hans búa þarna líka og fyrir ekki svo löngu bjó hinn bróðir minn þarna líka með sína unnustu og litla soninn, þannig að þetta er stórt heimili,“ segir Soffía Björg sem er vön fjölmenni enda ólst hún upp í átta barna systkinahópi. „Það hafa túristar keyrt heim að bænum, bankað uppá og spurt: „Where’s the lobby?“

Soffía Björg segist vera mikil sveitastelpa. „Mér þótti rosalega erfitt að fara í bæinn, fannst það hálf-glatað. Ég var eiginlega stopp með allt það sem ég gat lært þarna, búin með menntaskólann og þurfti bara að halda áfram,“ segir Soffía Björg sem m.a. vann hjá Íslenskum lyfjarannsóknnum við gagnastjórnun og hjá Einkaleyfastofu.

„Ég vissi lítið hvað ég vildi gera. Ég var ekki alveg tilbúin að festa mig í því að ég væri að fara að takast á við tónlistina. Ég lærði klassískan söng í Söngskólanum í Reykjavík og fór svo í FÍH og læði þar djass og blús. Þá kynntist ég öðrum hluta raddarinnar minnar af því að þar lærði maður söngtækni sem ég mæli sterktlega með því hún er svo bundin við einstaklinginn; þitt eigið hljóðfæri og hvað þú getur gert í staðinn fyrir að smíða í þig eitt-hvert ákveðið hljóðfæri,“ segir Soffía Björg sem kynntist í FÍH því sem kallast Complete Vocal Technique.



Morgunblaðið/Árni Sæberg

Lagasmíðar dulbúinn sálfræðitími

Á þessum tíma byrjaði hún líka að semja tónlist. „Ég fékk gítar í jólagjöf árið 2010 en ég hafði aldrei spilað á gítar áður,“ segir Soffía Björg og lærði með því að notfæra sér gitargrip.is, YouTube og fleira. Hún segir þrjúskuna í sér hafa hjálpað mikið til.

„Og svo um leið og ég var komin með vald á hljómaskiptingu byrjaði ég bara að semja og löggin einhvern veginn flæddu útúr mér. Þetta var geymt þarna, lokað og læst en þegar maður fékk verkfæri, þetta hljóðfæri, þá opnuðust margar tjánningarleiðir. Mér fannst ekkert gaman að tala áður en þarna er hægt að setja þetta í aðra sögu, í orð sem fólk hugsaði að sneri ekki beint að mér. Í staðinn er fólk farið að hlusta á melódíur. Þetta er svolítið dulbúinn sálfræðitími.“

Alltaf verið hestastelpa

En lærðirðu á eitthvert annað hljóðfæri sem barn? „Ég lærði á píanó þegar ég var krakki, en mér fannst það mjög leiðinlegt þannig að ég hætti því og sé mikið eftir því núna. Ég get ekki sest fyrir framan píanó og spilað eftir nótum en ég get skrifað nótur. Ég lærði tónfræði í Söngskólanum en ég fattaði hana aldrei fyrr en ég fékk gítarinn. Þá skildi ég fræðin á bak við þetta betur.“

Bláðamaður hefur heyrt að systurnar séu söngelskar og veltir fyrir sér hvort hún hafi þá mikið verið að syngja sem barn. „Nei, ekki neitt,“ svarar hún. „Við erum fimm systur og ég get sagt án þess að móðga þessa elstu að

við getum fjórar sungið en hún fékk allt annað. Þetta er mjög söngelsk og músikölsk fjölskylda. Það er tónlist í báðar ættir,“ segir Soffía Björg og útskýrir að hún hafi verið frekar til baka sem barn og verið að spá í aðra hluti en tónlist.

„Ég fór að huga að söngnum um átján ára aldur. Ég hugsa að ef mér hefði verið ýtt út í tónlistina sem barn þá hefði ég gjörsamlega lokað á þetta. Ég hef aldrei viljað láta neyða mig í eitthvað sem ég vil ekki. Helst geri ég bara þveröfugt við það.“

Hún var meira að spá í náttúruna og dýrin þegar hún var barn. „Við vorum með kýr þegar ég var lítil en ég held ég hafi verið sex ára þegar pabbi hætti með þær. En það hafa alltaf verið hestar á bænum og ég hef alltaf verið mjög mikið í kringum hesta,“ segir hún og bætir við að á tímabili hafi fát annað komist að hjá henni og vinkonum hennar. Hún hefur prófað að keppa en segir hestamenskuna ekki hafa snúist um það hjá sér. „Ég bara naut þess að vera úti og þótti svo vænt um dýrin. Tengingin við dýrin og náttúruna skiptir mig afskaplega miklu máli. Að vera krakki þarna í sveitinni var alveg frábært,“ segir Soffía Björg sem fer ennþá á bak.

Vinnur uppi á jökli

Síðasta árið hefur hún unnið samhliða tónlistarferlinum í vinnu sem sannarlega eflir tenginguna við náttúruna. Hún er leiðsögumaður hjá Into the Glacier og fer með hópa inn í manngerðu ísgöngin í Langjökli. Bræður hennar höfðu unnið við að keyra ferðmenn í

mínum hreppi. Þetta er lítið blót, við erum um 90 manns. Þetta gekk bara vel,“ segir hún.

„Það hefur verið takmark hjá mér síðasta árið að vera alltaf að vikka þennan kassa sem maður er í. Maður gleymir svo oft að horfa á stóra samhengið. Maður hefur bara ákveðinn tíma hér og ég nenni ekki að eyða honum í að vera ekki að njóta mín heldur vil taka mér pláss og hafa gaman. Ég er að vinna í því þessa dagana, njóta lífsins og prófa allskonar.“

Hvað hefur það gefið þér að vera komin aftur með bækistöðvar í Einarsnesi?

„Það hefur gefið mér hellings músík, heila plötu. Ég sem flesta mína tónlist þar. Þar er líka friður, þó þetta sé stórt heimili. Ég er oft með þessa setningu í huganum: „Ég þarf útsýni til að anda.“ Ef mér finnst ég vera innlokuð í einhverjum aðstæðum langar mig bara að sleppa úr þeim aðstæðum, ég verð eins og króað dýr í búri, ég vil ekki þá tilfinningu. Þess vegna vinn ég líka uppi á jökli. Þar ertu með þvílíkt útsýni þegar veðrið er gott. Ég mæli með þessu fyrir alla. Að prófa eitthvað nýtt, sæktu um vinnu sem þér hefði aldrei dottið í hug að þú myndir vinna,“ segir Soffía sem sækir kraft í náttúruna.

„Náttúran gefur mér ró og hún gefur mér aukinn kraft. Ég er rólynd manneskja. Þegar ég var í Reykjavík að vinna var margt í gangi og margt sem tosaði í mann en mig vantaði þessa tengingu. Athygli mín var mikið á við og dreif. Óstöðugleikinn var mikill og leigan ótrygg; ég man ekki hvað ég bjó á mörgum stöðum. Maður fékk ekki að halda heimilinu sínu. Það er afskaplega leiðinlegt og fyrir utan það var leigan há. Ég gafst upp á því öllu og ákvað að flytja heim,“ segir Soffía Björg sem hugsaði með sér hvort þetta væri ósigur og þýddi að hún væri búin að gefast upp.

„En svo þegar ég var búin að vera hérna í einhvern tíma velti ég fyrir mér hvað ég hefði verið að pæla. Þetta er besti staðurinn til að vera á,“ segir Soffía Björg sem er búin að koma sér vel fyrir í Einarsnesi.

Með athvarf í sólskála

„Ég er með vinnu- og æfingaaðstöðu inni í sólstofu. Þetta er sólskáli sem var smíðaður fyrir mömmu mína og allar hennar plöntur og jurtir. Svo gerðu mamma og pabbi garðskála úti svo hún er flutt með sína starfsemi þangað. Ég er með alla magnarana mína þarna inni, bækur, urnar mínar og tölvuna,“ segir hún en bræður hennar Þórarinn og Guðmundur eru búnir að stofna hljómsveit og leggja undir sig bílskúrinn fyrir æfingar. Pabbi hennar er líka farinn að semja tónlist og átti lag sem komst í úrslit jólagakeppni Rásar 2 fyrir síðustu jól, sem Kristín Birna systir hennar söng.

„Karítas yngsta systir mín er plötusnúður, hún spilar á öllum knæpum bæjarins og gengur vel. Hún er líka með fantagóða rödd. Sigríður systir er myndlistarkona en hún er líka með rosalega fína rödd,“ segir hún en það ætti því ekki að koma á óvart að hún hafi fengið systur sínar til liðs við sig einum tónleikum. Systkinin héldu ennfremur jólatónleika saman í Borgarneskirkju árið 2015 til að gefa eitthvað til bæjarfélagsins og sveitarinnar og „til að lyfta upp stemningunni í skammdeginu“.

Soffía Björg kann vel við að spila í kirkju, segir þetta vera rými sem henni lífi vel í. Hún spilaði í kirkju nýverið á tónlistarháttidinni Eurosonic í Hollandi og hefur líka spilað í mörgum kirkjum í hljómsveitinni sem hún var áður í, Brother Grass.

Sólstofan er björt og hentar Soffíu Björgu vel. „Ég er með æðislegt útsýni, útsýni yfir Hvítána og yfir víkina heima, Hafnarfjallið, Skessuhornið og svo sé ég Borgarnesið,“ segir hún og bætir við að vinkonur hennar fái dræmar undirtektir við spurningunni: „Hvenær ætlarðu svo að flytja aftur í bæinn?“

Eftir að platan kemur út tekur spíla-mennskan við. „Það er ekki búið að auglýsa neitt þannig að ég get ekki gefið það upp en það eru nokkur festivól bókuð, bæði hérlendis og erlendis. Stefnan er að spila víða og kynna þessa plötu. Mig langar að fá túrareynslu og prófa allskonar. Það er ekki takmark hjá mér að spila á einhverjum ákveðnum stað, heldur að fá að vinna við þetta, eitthvað sem maður hefur ástríðu fyrir. Ég ætla mér bara að gera það.“

„Ég fór að huga að söngnum um átján ára aldur. Ég hugsa að ef mér hefði verið ýtt út í tónlistina sem barn þá hefði ég gjörsamlega lokað á þetta. Ég hef aldrei viljað láta neyða mig í eitthvað sem ég vil ekki. Helst geri ég bara þveröfugt við það.“

stórum fjallablum og hvöttu hana til að sækja um starfið. Sögðu meira að segja að hún yrði alveg kjörin í það. Soffía Björg var ekki eins sannfærð. „Í fyrsta lagi hafði ég aldrei farið upp á jökul fyrir þennan tíma. Í öðru lagi þótti mér ekkert rosalega gaman að tala fyrir framman fólk.“

Hún segir fyrstu ferðina hafa verið stressandi og hún muni ekkert hvað hún sagði í upphafi ferðarinnar. „En svo bara kom þetta. Þetta er svo magnað, ótti sem þú ert búin að byggja upp með þér í mörg ár fer á fimm mínútum. Ég trúði þessu ekki sjálf,“ segir hún en núna finnst henni ekkert mál að fara þrjár ferðir á dag með ferðamenn, tvo tíma í senn, inn í jökul.

Veislustjóri á þorablóti

„Núna finnst mér bara ágætlega gaman að tala fyrir framan fólk. Og núna síðustu helgi gerði ég eitt sem ég bjóst aldrei við að gera. Ég var veislustjóri á þorablóti í sveitinni, í